



Reykjavík, 1. desember 2025
MSS24060082

Mannréttindaráð Reykjavíkurborgar

Staða aðgerðaáætlunar Reykjavíkurborgar í ofbeldisvarnarmálum 2025 til 2028

Meðfylgjandi er staða aðgerðaáætlunar í ofbeldisvarnarmálum 2. desember 2025.

Aðgerðaáætlunin var samþykkt á fundi borgarstjórnar þann 21. janúar 2025.

Í áætluninni eru 52 aðgerðir sem sporna eiga við ofbeldi, 37 er lokið eða eru hluti af verkferlum, 13 eru í vinnslu og ein er ekki hafin og einni hefur verið hætt að framfylgja.

Starfsfólk víðsvegar í stjórnsýslu borgarinnar ber ábyrgð á að framkvæma einstakar aðgerðir en mannréttindaráð ber ábyrgð á fylgja henni eftir.

Starfsfólk mannréttinda-skrifstofu sér um að kalla eftir stöðu mála og styðja við þau sem bera ábyrgð á hverri og einni aðgerð þegar þess er óskað.

Aðgerðaáætlunina ásamt stöðu aðgerða má einnig finna á vef borgarinnar.

Óskað er eftir að staða aðgerðaráætlunarinnar sé lögð fram á fundi ráðsins til kynningar.

Virðingarfyllt,
Halldóra Dýrleifar Gunnarsdóttir
Mannréttindaskrifstofa
Miðlæg stjórnsýsla

Hjálagt:

Staða aðgerðaáætlunar í ofbeldisvarnarmálum.
Aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar í ofbeldisvarnarmálum 2025-2028



Reykjavík



Aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi 2025 til 2028

Mannréttindaráð
Halldóra Dýrleifar Gunnarsdóttir, 1. desember 2025

Samþykkt í borgarstjórn 21. janúar 2025


Aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi 2025-2028



MYNDIR: LINDA ÓLAFSDÓTTIR




Staða verkefna í heild og í hverjum flokki





Heildarstaða verkefna



Samtals 52 aðgerðir:
37 eru orðnar hluti af
verklagi eða lokið
13 í vinnslu
Ein ekki hafin
Einni hætt



Hætt að vinna að einni aðgerð og ein ekki hafin

4 Samráðsvettvangur um börn og ungmenni í tengslum við ofbeldi	Stuðla að upplýstri umræðu um ofbeldi og efla samvinnu með það að augnamiði að efla forvarnir og skapa öruggara borgarsamfélag.	Form. mann-réttindanefndar	Viðvarandi	Var í gangi, er hætt	Mennta- og barnamálaráðuneytið er með aðgerðahóp sem vinnur gegn ofbeldi meðal barna og gegn börnum
5 Vinna rafræna fræðslu til starfsfólks leik- og grunnskóla og í frístundastarfi um áhrif ofbeldis á börn	Að starfsfólk sem vinnur með börnum og ungmennum sé í stakk búið til að þekkja merki þess að börn búi við ofbeldi og viti hvernig á að bregðast við. Einnig viti það hvernig bregðast á við þegar börn beita hvort annað ofbeldi eða búa við heimilisofbeldi.	Betri borg fyrir börn	Viðvarandi	Ekki hafið	Eftir að útfæra



Staða verkefna í aðgerðaráætlun gegn ofbeldi

1. des. 2025

Mannréttindaráð Reykjavíkurborgar – tvær aðgerðir						
Nr	Verkefni/aðgerð	Markmið	Svið/skrifstofur/ráð	Tímasetning	Staða	Lýsing/athugasemdir
1	Skapa vettvang fyrir samráð kjörinna fulltrúa og sérfræðinga á sviði ofbeldisvarna með því að starfrækja mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð Reykjavíkurborgar og efla samráð og þekkingu þessara aðila á ofbeldisvörnum.	Stuðla að upplýstri umræðu um ofbeldi með það að augnamiði að efla forvarnir og skapa öruggara borgarsamfélag.	Borgarráð	Viðvarandi	Er gert	Framkvæmd er á könnu mannréttindaskrifstofu
2	Þjónustusamningar Reykjavíkurborgar við Stígamót, Kvennaathvarfið og Samtökin '78 og þátttaka í rekstri Bjarkarhlíðar.	Að einstaklingar fái stuðning til að byggja upp betra líf.	Borgarráð, svið og skrifstofur borgarinnar	Viðvarandi	Samningar virkir, þátttaka í rekstri Bjarkarhlíðar, húsnæði lagt til	Reykjavíkurborg er með samninga við Stígamót, Samtökin og Kvennaathvarfið. Borgin leggur Bjarkarhlíð til húsnæði og á sæti í stjórn
Börn, forvarnir og ofbeldi – 18 aðgerðir						
Nr	Verkefni/aðgerð	Markmið	Svið/skrifstofur/ráð	Tímasetning	Staða	Lýsing/athugasemdir
3	Leiðbeiningar og handleiðsla til starfsfólks í skóla- og frístundastarfi.	Að starfsfólk sé vakandi fyrir mögulegu ofbeldi, þekki tilkynningarskyldu sína og fái ráðgjöf.	Barnavernd	Viðvarandi	Er gert skv. verkferlum	Fundir á miðstöðvum með starfsstöðum í viðkomandi hverfi. Ráðgjöf veitt.
4	Samráðsvettvangur um börn og ungmenni í tengslum við ofbeldi.	Stuðla að upplýstri umræðu um ofbeldi og efla samvinnu með það að augnamiði að efla forvarnir og skapa öruggara borgarsamfélag.	Form. mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs (ath. heiti hefur verið breytt)	Viðvarandi	Var í gangi, er hætt	Mennta- og barnamálaráðuneytið er með aðgerðahóp sem vinnur gegn ofbeldi meðal barna og gegn börnum



Börn, forvarnir og ofbeldi, frh.

Nr	Verkefni/aðgerð	Markmið	Svið/skrifstofur/ráð	Tímasetning	Staða	Lýsing/athugasemdir
5	Vinna rafræna fræðslu til starfsfólks leik- og grunnskóla og í frístundastarfi um áhrif ofbeldis á börn.	Að starfsfólk sem vinnur með börnum og ungmennum sé í stakk búið til að þekkja merki þess að börn búi við ofbeldi og viti hvernig á að bregðast við. Einnig viti það hvernig bregðast á við þegar börn beita hvort annað ofbeldi eða búa við heimilisofbeldi.	Betri borg fyrir börn	Viðvarandi	Ekki hafið	Eftir að útfæra
6	Tryggja upplýsingastreymi milli forvarnarteymis Reykjavíkurborgar og mannréttindaráðs.	Tryggja öryggi barna og ungmenna.	Forvarnarfulltrúi og mannréttinda-skrifstofa	Apríl ár hvert og oftár ef þurfa þykir	Apríl ár hvert. Innleitt í verklag	Forvarnarfulltrúi mætti á fund ráðsins í maí (var í burtu í apríl)
7	Þátttaka í aðgerðarhópi um viðtækar aðgerðir vegna ofbeldis á milli barna og gegn börnum á vegum mennta- og barnamálaráðuneytisins.	Sporna gegn ofbeldi meðal barna og gegn börnum.	Skóla- og frístundasvið og velferðarsvið	Viðvarandi	Er í gangi	Hópurinn fundar mánaðarlega og innan hans eru einnig undirhópar. Mikið af aðgerðum eru komnar til framkvæmda, sumar í vinnslu og örfáar í bið
8	Starfshópur til að greina stöðu í málefnum barna og ungmenna í tengslum við ofbeldi.	Sporna gegn ofbeldi gegn börnum og meðal þeirra.	Ráðið	Greiningarvinna og tillögur verði tilbúnar á haustmánuð um 2025	Lokið	Starfshópurinn sem sá um kortlagningu skilaði í maí og annar sem skila átti tillögum skilaði til borgarstjóra í nóvember
9	Kynna bæklinginn Við og börnin okkar.	Auka aðgengi að upplýsingum um málefni barna, velferðarþjónustu, hlutverk barnaverndar, mikilvægi frístundastarfs o.fl. er varðar íslenskt samfélag og börn.	Mannréttinda-skrifstofa, m.a. sérfræðingur í fjölmenningu og inngildingu.	Viðvarandi	Í vinnslu	Verið er að yfirfara bæklinginn en það þarf að prenta nýtt upplag



Börn, forvarnir og ofbeldi, frh.

Nr	Verkefni/aðgerð	Markmið	Svið/skrifstofur/ráð	Tímasetning	Staða	Lýsing/athugasemdir
10	Fræðsla til nemenda á grunnskólaaldri um kynbundið ofbeldi.	Sporna gegn kynbundnu ofbeldi meðal barna og ungmenna.	Skóla- og frístundasvið/Jafnréttis-skólinn.	Starfshópur skili tillögum að leiðum í lok árs 2025	Í vinnslu	Verið að vinna tillögur að leiðum
11	Leggja áherslu á að starfsfólk allra leik- og grunnskóla fái Regnbogavottun.	Auka öryggi barna og ungmenna sem eru hinsegin og um leið allra barna.	Skóla- og frístundasvið leggur línur, mannréttindaskrifstofa sér um fræðslu	Viðvarandi	Er í gangi	Skrifstofa SFS er með vottun. Leikskólar= 13 búnir, 2 í ferli. Grunnskólar=21 búnir, 3 í ferli. 25 félagsmiðstöðvar eru komnar með Regnbogavottun og 34 frístundaheimili. Nokkur frístundaheimili sem eru samrekin með grunnskólum eru eftir og fara þau í vottun með þeim þegar þar að kemur.
12	Halda til haga tölfræðiupplýsingum um fræðslu til ungmenna er lýtur að kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni á öllum skólastigum og á frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum.	Að tryggja að allir skólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar fái reglubundna fræðslu.	Skóla- og frístundasvið/Jafnréttisskólinn	Ár hvert	Er í gangi	Er safnað
13	Vera með teymi í öllum grunnskólum sem eru til stuðnings og ráðgjafar í tengslum við kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni.	Efla fræðslu á þessum vettvangi með það að leiðarljósi að koma í veg fyrir kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni.	Jafnréttis-skólinn/Skólastjórar grunnskóla og skóla- og frístundasvið	Viðvarandi	Er í gangi	Samstarfsaðili er forvarnarfulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga
14	Viðhalda ráðgjafateymi um kynferðisofbeldi í skóla- og frístundastarfi.	Að tryggja að brugðist sé við öllum kynferðisbrotamálum sem upp koma í skóla- og frístundastarfi á faglegan hátt og þeim komið í viðeigandi farveg.	Skóla- og frístundasvið/Jafnréttisskólinn og velferðarsvið	Viðvarandi	Er í gangi	Er virkt



Börn, forvarnir og ofbeldi, frh.

Nr	Verkefni/aðgerð	Markmið	Svið/skrifstofur/ráð	Tímasetning	Staða	Lýsing/athugasemdir
15	Fræðsla fyrir ungmenni um ofbeldi í samböndum ungs fólks.	Draga úr ofbeldi í nánum samböndum meðal ungs fólks og skapa menningu sem styður við heilbrigð sambönd.	Skóla- og frístundasvið/jafn-réttisskólinn	Viðvarandi	Er í gangi	Verkefnin: Vika 6, Örugg saman, Sjúk ást og Stopp ofbeldi
16	Tryggja virkar eineltisáætlanir í grunnskólum Reykjavíkurborgar.	Að öllu starfsfólki sé ljóst hvernig vinna á að því að fyrirbyggja einelti.	Skóla- og frístundasvið	Viðvarandi	Í vinnslu	Fagskrifstofa grunnskólamála og hópurinn Vinsamlegt samfélag heldur utan um þessi mál og sér til þess að þessi aðgerð komist til framkvæmdar
17	Starfrækja Flotann - sem er flakkandi félagsmiðstöð.	Að styrkja félagslega stöðu unglunga og skapa þeim aðstæður þar sem þau geta notið æsku sinnar í öruggu umhverfi.	Frístunda-hluti fagskrifstofu SFS	Viðvarandi	Er í gangi	Er samstarfsverkefni frístundamiðstöðva í borginni, starfsfólk sinnir vettvangsstarfi í hverfum borgarinnar utan opnunartíma félagsmiðstöðva í þeim tilgangi að hlúa að verndandi þáttum. Rekinn með styrk frá ráðuneytinu og í miklu samstarfi við hin sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu
18	Starfrækja Hinsegin félagsmiðstöð í samstarfi við Samtökin '78.	Að búa hinsegin börnum og unglingum upp á öruggt athvarf í anda félagsmiðstöðva.	Frístunda-miðstöðin Tjörnin	Viðvarandi	Er í gangi	Hinsegin félagsmiðstöðin er samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar og Samtakanna '78. Markhópurinn er börn og unglingar í 8.-10. bekk í allri Reykjavík
19	Virkninámskeið fyrir ungt flóttafólk.	Að koma ungmennum sem hlotið hafa alþjóðlega vernd eða fengið dvalarleyfi af mannúðarárstæðum og falla undir NEET-hópin (e. Not in Education, Employment or Training) í virkni.	MÍR-Hitt húsið	Viðvarandi	Er í gangi	Þetta verkefni er unnið í Hinu húsinu
20	Jafningjafræðsla fyrir ungt fólk.	Að ungmenni afli sér traustrar þekkingar um málefni sem á þeim brenna hverju sinni.	MÍR-Hitt húsið/vinnu-skólinn	Vorin	Fer fram á sumrin	Það er fjármagn til þess að ráða 11 jafningjafræðara í 8 vikur á hverju sumri og einn millistjórnanda í 9 vikur. Nær ekki yfir öll "tímabil" vinnuskólans



Saman gegn ofbeldi 11 aðgerðir						
Nr	Verkefni/aðgerð	Markmið	Svið/skrifstofur/ráð	Tímasetning	Staða	Lýsing/athugasemdir
21	Fræðsla um heimilisofbeldi.	Byggja upp þekkingu starfsfólks á heimilisofbeldi og tryggja að það viti hvernig bregðast á við.	Saman gegn ofbeldi	Viðvarandi	Er í gangi	Fræðsla fyrir bakvaktarfólk er í gangi, er einnig hluti af jafnrétti 101 í forystunámi
22	Ráðgjöf og stuðningur við brotapol heimilisofbeldis í útkalli og í kjölfar þess og markviss eftirfylgni.	Efla öryggi brotapola og barna þeirra.	Saman gegn ofbeldi	Viðvarandi	Er í gangi	Er markvisst gert skv. verklagi þar um
23	Ráðgjöf við gerendur í heimilisofbeldismálum í útkalli og í kjölfar þess.	Hvetja gerendur til að sækja sér meðferð og þannig minnka líkur á áframhaldandi ofbeldi.	Barnavernd og ráðið sér um hvatningar-póst til ráðuneytis	Viðvarandi	Er í gangi	Gerendur eru hvattir til að sækja sér meðferð v/ofbeldis í nánum samböndum. Bréf var sent til félags- og hús-næðismálaráðuneytis þar sem hvatt var til að meðferð vegna ofbeldis gegn börnum væri einnig styrkt
24	Taka þátt í vinnu þverfaglegs áhættumatsteymis (MARAC) til að leggja mat á þá áhættu sem brotapol stendur frammi fyrir og finna leiðir til að auka öryggi viðkomandi.	Auka öryggi brotapola heimilisofbeldis.	Lögreglan á höfuðborgar-svæðinu og velferðarsvið	Viðvarandi	Er í gangi	Er í gangi hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Starfsfólk borgarinnar kallað til eftir þörfum
25	Stuðningsviðtöl við börn sem verða vitni að heimilisofbeldi.	Að styðja við þau börn sem verða vitni að heimilisofbeldi og auðvelda þeim að fóta sig.	Barnavernd	Viðvarandi	Er í gangi	Börn sem búa við heimilisofbeldi fá stuðningsviðtöl sálfræðings Barnavernd Reykjavíkur
26	Settur verði á fót starfshópur hjá borginni til að rýna hvernig hægt sé að tryggja rétt brotapola heimilisofbeldis til leigusamninga Félagsbústaða.	Að styðja við brotapola og í mörgum tilvikum börn þeirra.	Saman gegn ofbeldi og Félagsbústaðir	2025/2026	Er langt komið. Ekki komið á tíma	Verið er að vinna að tillögum um breytingar bæði á reglum velferðarsviðs og svo húsreglum Félagsbústaða
27	Skimun á heimilisofbeldi í miðstöðvum.	Að greina strax hvort vandi tengist heimilisofbeldi og veita viðeigandi stuðning.	Velferðarsvið	Viðvarandi	Er gert en ekki nægilega markvisst - þarf að gera átak	Farið verður í átak við að bæta skimun og styðja við ráðgjafa í því
28	Söfnun og birting tölfræðiupplýsinga um heimilisofbeldi.	Að gera þeim sem koma að verkefninu og öðrum að fylgjast með þróun mála og bregðast við.	Mannréttinda-skrifstofa/verkefnisstjóri SGO	Viðvarandi	Er gert	Unnið úr tölfræði frá lögreglunni og velferðarsviði og birt einu sinni í mánuði



Saman gegn ofbeldi, frh.						
Nr	Verkefni/aðgerð	Markmið	Svið/skrifstofur/ráð	Tímasetning	Staða	Lýsing/athugasemdir
29	Upplýsingagjöf á vefsíðu borgarinnar yfir þjónustu fyrir brotþola og gerendur.	Að leiðir til að leita sér hjálpar séu ljósar og að það efni sem búið er til á vegum Saman gegn ofbeldi nýtist sem flestum.	Mannréttindaskrifstofa/verkefnisstjóri SGO	Viðvarandi	Er gert	Er uppfært reglulega
30	Starfshópur til að skoða með hvaða hætti er hægt að draga úr ofbeldi gegn konum og kvárum sem eru heimilislaus og með fjölþættan vanda.	Að innleiða leiðir til að draga úr ofbeldi gegn þessum hópum.	Saman gegn ofbeldi og velferðarsvið	2025	Í vinnslu	Er á lokametrunum, mun klárast á árinu
31	Sameiginlegt átak stofnana til að auðvelda fólki að komast úr ofbeldissambandi.	Að auka öryggi brotþola og bæta líðan.	Verkefnisstjórn /verkefnisstjóri Saman gegn ofbeldi.	2025/2026	Í vinnslu. Ekki komið á tíma	Sumum þáttum lokið aðrir eftir
Aldraðir og heimilisofbeldi – tvö verkefni						
32	Fræðsla fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar um aldraða og heimilisofbeldi.	Velferðarsvið og Saman gegn ofbeldi – það sem snýr að starfsfólki í útköllum.	Velferðarsvið/SGO, verkefnisstjóri SGO tók þetta að sér	Viðvarandi	Í vinnslu	Vinna við að búa til fræðsluefni er langt komin
33	Upplýsingaefni fyrir aldraða.	Að aldraðir hafi aðgengilegar upplýsingar um heimilisofbeldi og fjárhagslegt ofbeldi sem öldruðum stafar hætta af.	Saman gegn ofbeldi, verkefnisstjóri	2025	Í vinnslu	Er hafið en á eftir að klára
Hinsegin fólk og heimilisofbeldi – eitt verkefni						
34	Ná til hinsegin fólks sem verður fyrir heimilisofbeldi.	Að bæta líðan hinsegin fólks sem verður fyrir heimilisofbeldi.	Mannréttindaskrifstofa, sérfræðingur í málefnum hinsegin fólks/verkefnisstjóri Saman gegn ofbeldi	Viðvarandi	Er gert	Fræðsla til bakvaktarfólks, fjallað um í regnbogavottun. Bæklingi um hinsegin og heimilisofbeldi dreift



Fatlað fólk og ofbeldi – tvö verkefni

Nr	Verkefni/aðgerð	Markmið	Svið/skrifstofur/ráð	Tímasetning	Staða	Lýsing/athugasemdir
35	Fræðsla til starfsfólks Reykjavíkurborgar um fatlað fólk og ofbeldi.	Efla þekkingu starfsfólks á ofbeldi sem fatlað fólk verður fyrir.	Mannréttinda-skrifstofa sér um fræðslu þegar farið er á staðinn, rafrænt fræðsluefni er til.	Viðvarandi	Rafrænt fræðsluefni er til og það er í boði að koma á vinnustaði	Er í samvinnu við velferðarsvið
36	Upplýsingaefni fyrir fatlað fólk um ofbeldi.	Að fatlað fólk viti hvað ofbeldi er og hvert það getur leitað eftir aðstoð.	Verkefnisstjóri SGO/starfsm. aðgengisnefndar	Viðvarandi	Plakat um hvar er hægt að fá hjálp. Er minnt á það reglulega.	Sendur reglulega út póstur til stjórnanda sem vinna að málefnum fatlaðs fólks á velferðarsviði

Sí- og endurmenntun fagfólks um kynferðisofbeldi – eitt verkefni

Nr	Verkefni	Markmið	Svið/skrifstofur/ráð	Tímasetning	Staða	Lýsing/athugasemdir
37	Fræðsla fyrir starfsfólk um vændi.	Að starfsfólk borgarinnar sem á þarf að halda þekki afleiðingar vændis og leiðir til stuðnings við þau sem hafa stundað vændi.	Velferðarsvið	Viðvarandi	Er í boði/er gert	Fræðsla um vændi er í boði

Fordómar, rasismi og inngilding –

7 verkefni

Nr	Verkefni	Markmið	Svið/skrifstofur/ráð	Tímasetning	Staða	Lýsing/athugasemdir
38	Fræðsla til nemenda á mið- og unglingastigi um fjölmenningu og fordóma.	Að sporna gegn kynþáttafordómum og vinna að viðhorfsbreytingu.	Skóla- og frístundasvið/Miðja máls og læsis.	Viðvarandi	Er gert	Verkefnastjórar í íslensku sem öðru tungumáli innleiða málstefnur í samvinnu við starfsstaði í skóla- og frístundastarfi. Málstefna er einn liður í inngildingu. Verkefnastjórnarnir hafa boðið upp á fræðslu fyrir kennara og starfsfólk og unnið með nemendahópum



Fordómar, rasismi og inngilding, frh.						
Nr	Verkefni	Markmið	Svið/skrifstofur/ráð	Tímasetning	Staða	Lýsing/athugasemdir
39	Kynna fræðsluefni um hatursorðræðu og ólýðræðislega orðræðu sem unnið var á mannréttindaskrifstofu.	Að auka þekkingu almennings um hatursorðræðu.	Mannréttinda-skrifstofa.	2025 og viðvarandi eftir það	Var gert	Var sent út á aðila innan borgar
40	Kærleiksorðræða, búum til ný íslensk orð!	Inngilding og samskipti sem byggja á virðingu.	Borgarbókasafn Reykjavíkur	Gert ráð fyrir að því ljúki 2025	Er gert	Kærleiksorðræða er verkfæri til að þróa opnara málsamfélag og virðingarfullri samskipti. Lögð er áhersla á upplifun, tilfinningalæsi og eignarhald á tungumálinu. Öll þau sem koma að verkefninu eru hvött til að búa til ný íslensk orð sem safnað er saman í orðabók sem geymd er á Borgarbókasafninu
41	Fræðsla til starfsfólks Reykjavíkurborgar í menningarnæmni.	Bætt þjónusta við innflytjendur.	Mannréttinda-skrifstofa/Saman gegn ofbeldi.	Viðvarandi	Var gert	Fræðsluefnið er til og fræðslan í boði þegar eftir því er óskað
42	Námskeið fyrir borgarfulltrúa um hatursorðræðu.	Að borgarfulltrúar verði upplýstir um hatursorðræðu og áhrif hennar.	Skrifstofa borgarstjórnar/ Mannréttinda-skrifstofa	Hluti af fræðslu til nýrra borgarfulltrúa	Var gert	Er gert þegar nýjir borgarfulltrúar koma til starfa.
43	Greina stöðu barna af erlendum uppruna í hverfisíþróttafélögunum.	Menningar- og íþróttasvið og mannréttindaskrifstofa. Úttekt/greining verði unnin saman af þessum aðilum en í samvinnu við Íþróttabandalag Reykjavíkur.	Menningar- og íþróttasvið og mannréttindaskrifst ofa. Úttekt/greining verði unnin saman af þessum aðilum en í samvinnu við Íþróttabandalag Reykjavíkur.	Haut 2025/Frestað til 2026	Undir- búnings- vinna hafin	Undirbúningur að þessu verkefni er hafinn en það mun ekki klárast fyrr en 2026
44	Að styðja við samstarf lögreglunnar við frjáls félagasamtök og trúarhópa.	Skapa traust milli innflytjenda og lögreglunnar.	Lögreglan á höfuðborgar- svæðinu í samvinnu við mannréttinda-skrifstofu	Hefst 2025/Frestað til 2026	Verður gert 2026.	Verkefninu var frestað til 2026 þar sem það var ekki starfandi fjölmenningsarráðgjafi allt árið



Öruggar borgir á Norðurlöndum- tvö verkefni						
Nr	Verkefni	Markmið	Svið/skrifstofur/ráð	Tímasetning	Staða	Lýsing/athugasemdir
45	Vinna fræðsluefni um forvarnir til að sporna við því að einstaklingar leiðist út í öfgahyggju.	Að starfsfólk Reykjavíkurborgar sem starfar með börnum og ungmennum þekki hættumerki um öfgahyggju og forvarnir gegn henni.	Mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar	2025/skilum frestað til 2026	Í vinnslu	Verið er að vinna fræðsluefnið
46	Starf samfélagslögreglu verði eft.	Að auka tengsl og traust á milli almennings og lögreglu.	Lögreglustjórinn. Beiðni kemur frá mann og ofb. v. ráði	2025-2027	Bréf var sent þar sem hvatt var til eflingar samfélagslögreglu	Bréf lagt fram á fundi ráðsins 3. apríl 2025, hvatning til dómsmálaráðuneytis og til mennta- og barnamálaráðuneytis um eflingu samfélagslöggæslu
Samstarf til eflingar öryggis á skemmtistöðum - eitt verkefni						
Nr	Verkefni	Markmið	Svið/skrifstofur/ráð	Tímasetning	Staða	Lýsing/athugasemdir
47	Fræðsla fyrir dyraverði.	Efla öryggi fólks inni á skemmtistöðum og við þá.	Lögreglan á höfuðborgar-svæðinu/mannrétt indaskrifstofa	Viðvarandi	Er gert	Námskeið fyrir dyraverði er haldið af Mími símenntun í samstarfi við Reykjavíkurborg og Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu og tengist verkefninu Öruggir skemmtistaðir. Fjallað er sérstaklega um innflytjendur, hinsegin fólk og fatlað fólk. Þá er einnig fjallað um kynbundið ofbeldi og kynferðislega áreitni. Námskeiðið er í boði á íslensku og er haldið eftir þörfum, u.þ.b 1-2x í mánuði.



Mansal – tvö verkefni						
Nr	Verkefni	Markmið	Svið/skrifstofur/ráð	Tímasetning	Staða	Lýsing/athugasemdir
48	Rafræn fræðsla um mansal standi starfsfólki borgarinnar til boða.	Efla öryggi fólks á vinnustöðum.	Velferðarsvið í samvinnu við Bjarkarhlíð.	Viðvarandi	Búin að vera staðfræðsla en á eftir að búa til rafræna fræðslu	Búin að vera staðfræðsla á árinu 2025 en verið að vinna rafræna fræðslu
49	Halda fræðslu um birtingamyndir vinnumansals og uppfæra verkferil á umhverfis- og skipulagssviði.	Efla öryggi fólks inni á vinnustöðum og koma í veg fyrir mansal.	Umhverfis- og skipulagssvið.	2024-2025	Lokið	Verkefnið var klárað á árinu 2025
Ofbeldi í starfsumhverfi borgarinnar – 3 verkefni						
Nr	Verkefni	Markmið	Svið/skrifstofur/ráð	Tímasetning	Staða	Lýsing/athugasemdir
50	Fræðsla til starfsfólks borgarinnar um einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi.	Útrýma einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi (EKKO) í starfsumhverfi borgarinnar.	Mannauðs- og starfsumhverfis-svið	Viðvarandi	Viðvarandi	Var kynnt á fundi ráðsins 3. apríl
51	Reglubundin endurskoðun á verkferlum vegna gruns um ofbeldi sem starfsfólk beitir í störfum sínum.	Að brugðist sé skjótt við gruni um ofbeldi að hálfu starfsfólks til að vernda þjónustuþega.	Svið borgarinnar/mannréttindaráð kalli eftir kynningu	Viðvarandi en kynnt í mannr. ráði í apríl á ári hverju	Viðvarandi	Var kynnt á fundi ráðsins 3. apríl. Verkferlar eru í endurskoðun úti á sviðum og miðlægt
52	Innleiða á hverju sviði verkferil vegna ofbeldis sem starfsfólk verður fyrir.	Að koma í veg fyrir ofbeldi gegn starfsfólki en einnig styðja við starfsfólk þegar það er í hættu eða hefur orðið fyrir ofbeldi.	Mannauðs- og starfsumhverfissvið í samvinnu við svið borgarinnar.	Viðvarandi en kynnt í mannréttindaráði í apríl á ári hverju	Viðvarandi	Var kynnt á fundi ráðsins 3. apríl 2025



Ferlið við vinnu aðgerðaráætlunarinnar

Hugmyndir
ráðsins

Hugmyndir
frá sviðum
borgarinnar

Drög, lögð
fyrir ráðið og
send á sviðin

Unnið úr
ábendingum,
lokadrög
lögð fram

Aðgerðar-
áætlun
Reykjavík-
urborgar gegn
ofbeldi 2025 til
2028 samþykkt
í borgarstjórn
21. janúar 2025



Leiðarljós Reykjavíkurborgar í þessari vinnu var mannréttindastefna borgarinnar, kyn er rauði þráðurinn í gegnum hana

